

# Reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög



- a) Hlutverk skóla borgarinnar er að **fræða nemendur um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir** samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni.
- b) Trúar- og lífsskoðunarfélög skulu **ekki stunda starfsemi sína innan veggja leik- og grunnskóla borgarinnar á skólatíma né heldur á starfstíma frístundaheimila**. Þetta á við allar heimsóknir í trúarlegum tilgangi og dreifingu á boðandi efni\*. Um almenna kynningu gagnvart foreldrum og börnum á viðurkenndu barna- og æskulýðsstarfi trúfélaga skal fara líkt og með kynningu á hliðstæðum frístundatilboðum frjálsra félagasamtaka.
- c) Skólastjórnendur grunnskóla **geta boðið fulltrúum trúar- eða lífsskoðunarhópa að heimsækja kennslustundir í trúarbragðafræði/lífssleikni sem lið í fræðslu** um trú og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni, og skal heimsóknin þá fara fram undir handleiðslu kennara og vera innan ramma námsefnisins.
- d) **Heimsóknir á helgi- og samkomustaði** trúar- og lífsskoðunarfélaga á skólatíma grunnskóla skulu eiga sér stað **undir handleiðslu kennara sem liður í fræðslu** um trú og lífsskoðanir, samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá. Þar sem ekki er sérstaklega getið um vettvangsheimsóknir leikskólabarna á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga sem lið í fræðslu um trú og lífsskoðanir í aðalnámskrá leikskóla er eðlilegt að miða fjölda slíkra heimsókna við það sem fram kemur í aðalnámskrá grunnskóla til að gæta samræmis milli skólastiga.
- e) Þess verði gætt við allar heimsóknir til og frá grunnskóla vegna fræðslu um trú og lífsskoðanir að **nemendur fylgist með en séu ekki þátttakendur í helgisiðum og athöfnum**, og að þær séu ekki vettvangur fyrir innrætingu eða dreifingu á boðandi efni.\*
- f) Skólayfirvöld beini því til trúar- og lífsskoðunarfélaga að þau skipuleggi fermingarfræðslu og barnastarf með það að leiðarljósi **að það hvorki trufli lögbundið skólastarf um skemtri eða lengri tíma**.
- g) Þær stofnanir borgarinnar sem hafa starfandi áfallaráð tryggi að samráð verði **haft við foreldra/forráðamenn þeirra sem áfallið snertir áður en fagaðilar eru fengnir til stuðnings**. Í nærsamfélagi leik- og grunnskóla getur verið um að ræða sérfræðinga, fulltrúa trúar- eða lífsskoðunarfélaga eða aðra fagaðila. Helgistundir sem tengjast viðbrögðum við áfalli skulu að öllu jöfnu fara fram utan skólatíma.
- h) Sígidir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem **teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sessi sínum** í árstíðabundnum skemmtunum og starfi frístundaheimila, leik- og grunnskóla. Jólasálmar og helgileikir tengdir jólum falla hér undir.

Til grundvallar þessum reglum liggur sá vilji að **tryggja rétt barna til þátttöku** í skólastarfi óháð þeirri trúar- og lífsskoðun sem þau alast upp við. Upplýst fræðsla um kristna trú, trúarbrögð heimsins, lífsskoðanir, siðfræði, heimspeki og íslenska menningu, er mikilvæg í öllu starfi skóla borgarinnar. Trúarleg innræting og boðun tiltekinna lífsskoðana á þar ekki heima. Það er á hendi foreldra að ala börn sín upp í þeirri trúar- og lífsskoðun sem þeir kjósa. Um það munu starfsmenn Reykjavíkur standa vörð samkvæmt mannréttindastefnu borgarinnar og þeim mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirgengist.

**Rísi ágreiningur um túlkun** þessara reglna úrskurðar skóla- og frístundasvið í þeim efnum. Skóla- og frístundasvið er jafnframt falið að skipa nefnd sem meti reynslu af reglunum innan eins árs frá setningu þeirra og leggi mat á álitamál sem upp kunna að koma. Um setu í nefndinni verði m.a. leitað til mannréttindastjóra, fulltrúa úr skóla-, foreldra- og háskólasamfélaginu auk fulltrúa trúar- og lífsskoðunarfélaga.

\*Með boðandi efni er átt við hluti sem gefnir eru eða notaðir sem hluti af trúboði, það er tákngripir, fjölfölduð trúar- og lífsskoðunarrit, bækur, hljóðrit, prentmyndir og kvikmyndir.

